

Garðabær-Bæjarskrifstofur  
Garðatorgi 7  
210 Garðabæ

Reykjavík 6. febrúar 2019  
UST201901-381/A.B.  
10.04.03

### **Efni:** Lýsing - Deiliskipulag – Gálgahraun / Garðahraun og Garðahraun eftir

Vísað er til erindis sveitarfélagsins Garðabæjar er barst 28. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á tillögu að lýsingu að tveimur deiliskipulögum fyrir Gálgahraun og Garðahraun neðra annars vegar og Garðahraun eftir hins vegar.

### **Forsendur og gestir**

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í forsendum lýsingarinnar að það muni koma fram í tillöggunni hver sé áætlaður fjöldi gesta sem mun heimsækja svæðið sem hér er til umfjöllunar. Með þeim forsendum væri hægt að rökstyðja umfang tillögunar, stærð bílastæðis, bygginga (salerna ef það á við) og áningastaða, og umfang göngustíga.

### **Gönguleiðir og slóðar**

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í lýsingunni að í tillöggunni verður fjallað um hvaða yfirborðsefni verður notað í stígagerð, hvort og hvaða stígar verði með lýsingu og hvað verður um aflagða slóða.

### **Fráveita**

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í lýsingunni að í tillöggunni verður fjallað fráveitumál (þar sem það á við) Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitu og skólp nr. 798/1999.

### **Forsendur**

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að í forsendukafla lýsingarinnar sé tekið mið af kafla 3.3. í landskipulagsstefnu sem nefnist *gæði hins byggða umhverfis*, en þar segir: „*Skipulag byggðar og bæjahönnun stuðli að gæðum í hinu byggða umhverfi og að yfirbragð og mælikvarði nýrrar byggðar falli að bæjarmynd viðkomandi staðar og sögulegri byggð. Jafnframt verði stuðlað að heilnæmu umhverfi sem veiti góð skilyrði til búsetu og möguleika til fjölbreyttrar útiveru.*“

Auk þess segir í kafla 3.3.1 sem fjallar um gæði byggðar og bæjarrýma: „*Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði sérstaklega hugað að gæðum hins byggða umhverfis og sett fram stefna og ákvæði um mælikvarða byggðar, byggðamynstur og samspil byggðar, bæjarrýma og ferðamáta. Einnig verði sérstaklega hugað að almenningsrýmum og útivistarsvæðum með það að markmiði að hvetja til útiveru og hreyfingar, matjurtaræktunar og náttúruupplifunar og varðveisita verðmæt náttúrusvæði. Jafnframt verði tekið tillit til sögulegs samhengis í þróun byggðar og menningararfurinn nýttur til að styrkja sérkenni og staðaranda.*“

### Lífríki

Í kaflanum um verndun lífríkis, náttúru -og söguminja, er m.a fjallað um mikilvægi þess að rannsaka lífríki og vistkerfi og skrá og gera aðgengileg gögn um þau, sem nýtist í skipulagsvinnu ásamt því að upplýsa stjórnendur bæjarins og almenning. Í tillögunni verður kannað hvort að framkvæmdirnar raski búsvæð. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í lýsingunni að í tillögunni verður kannað hvort að plöntur og fuglar séu á válista Náttúrufræðistofnunar Íslands.

### Loftmyndir

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að uppfæra loftmynd á örnefna- og fornleifakorti í lýsingunni.

### Umhverfisskýrsla - Umhverfismat

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 5.4. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 skal meta líkleg áhrif skipulagsins á umhverfið. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í lýsingunni að í tillögunni verða ákveðnir umhverfisþættir metnir (Jarðmyndanir, dýralíf, menningarminjar, ásýnd o.s.frv.) og lagðar fram matssurningar.


Dæmi:

Umhverfisþáttur	Matsprungar
Jarðmyndanir	Munu framkvæmdir fela í sér áhrif á jarðmyndanir sem þykja sérstæðar og/eða njóta verndar?



Axel Benediktsson  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



René Biasone  
Sérfræðingur